



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

VORFERÐ Í KRÖFLU

Halldór Ármansson
Jón Benjamínsson
Gestur Gíslason

OS-83057/JHD-14 B

Júní 1983



ORKUSTOFNUN
GRENSÁSVEGI 9, 108 REYKJAVÍK

VORFERÐ Í KRÖFLU

Halldór Ármansson
Jón Benjamínsson
Gestur Gíslason

OS-83057/JHD-14 B

Júní 1983

EFNISYFIRLIT

Bls.

EFNISYFIRLIT	2
TÖFLU- OG NYNDASKRÁ	2
1 INNGANGUR	3
2 KJ-6	3
3 KJ-7	3
4 KJ-9	4
5 KG-12	4
6 KJ-13	4
7 KJ-14	5
8 KJ-15	5
9 KJ-16	5
10 KJ-17	6
11 KJ-19	6
12 KJ-20	7
13 KJ-21	7
HEIMILDIR	8

TÖFLU- OG NYNDASKRÁ

TÖFLUR

1. Krafla. Niðurstöður afilmælinga 1983.05.20-29.....	10
2. Krafla. Niðurstöður efnagreininga 1983.05.19-29.....	11
3. Krafla KJ-6. Niðurdtöður afilmælinga 1980.03.31- 1983.05.26.....	12
4. Krafla KG-12. Gufurennslí 1980.11.24-1983.05.21.....	12
5. Krafla KJ-14. Niðurstöður nokkurra afl- og gasmælinga 1980.11.28-1983.05.26.....	13

MYNDIR

1. KJ-17. Toppþrystingur 22. maí 1983.....	9
2. KJ-17. Toppþrýstingur, varmainnihald og vatnsrennslí 23. maí 1983.....	9

1 INNGANGUR

Pann 1. maí var raforkuframleiðsla stöðvuð í Kröflu og rennsli holanna beint af gufuveitu í hljóðdeyfa. Gafst þá kjörið tækifæri til þess að aflmæla holurnar og safna sýnum. Í því augnamiði dvöldust höfundar pessarar skýrslu í Kröflu dagana 18.-29. maí. Af ýmsum ástæðum reyndist ekki unnt að kanna tvær holur svo sem til stöð, p.e. KG-8 og KJ-11 en KJ-6, KJ-7, KJ-9, KG-12, KJ-13, KJ-14, KJ-15, KJ-16, KJ-17, KJ-19, KJ-20 og KJ-21 voru athugaðar eins og kostur var. Greinir pessi skýrsla frá þeim athugunum. Yfirlit um allar aflmælingar og sýnatökur sem gerðar voru eru í töflum 1 og 2.

2 KJ-6

Í töflu 3 er sýnt yfirlit um aflmælingar frá 1980. Þar kemur fram, að erfitt hefur reynst að ná upp þrýstingi eftir hreinsunaraðgerðir í júní 1980, og hefur holan eingöngu verið nýtt til öflunar lágþrýstigufu síðan. Þá var toppbúnaður holunnar þannig, að kritiskur stútur var ekki inni í hljóðdeyfislögn og purfti því að þrýstijafna milli hljóðdeyfislagnar og kritisks stúts í hvert skipti, sem aflmæling var gerð. Reyndist petta miklum erfiðleikum háð, þar eð rennsli holunnar var viðkvæmt fyrir slíkum skiptingum og datt gjarnan niður. Hefur holan því mjög sjaldan verið aflmæld á undanförnum árum. Nú hefur 133 mm kritiskum stút verið komið fyrir inni í hljóðdeyfislögn, en við þær aðstæður náði rennsli ekki út um þrýstimælisrör, sem þó virtist opið. Lofttæmismælir rétt náði að hreyfast, er honum var komið þar fyrir. Var því reiknað úr aflmælingu á þeim forsendum, að flæði væri kritiskt og kritiskur þrýstingur 1 bar a.

Í töflu 3 kemur fram, að rennsli úr holunni virðist hafa fremur aukist upp á síðkastið en hitt. Getur petta að einhverju marki orsakast af lægri toppþrýstingi. Aflferill pessarar holu einkennist þó af litlum áhrifum toppþrýstings á rennsli (Benedikt Steingrímsson & Gestur Gíslason 1978). Efnasamsetning er ekki óápekk þeirri, er ákvörðuð var 1981.09.15. Þó hefur gas minnkað lítillega (var 0,73%), og CO₂/H₂S hlutfall lækkað (var 20,5). Bendir hvorttveggja til rýrnandi kvikuáhrifa.

3 KJ-7

Meðan sú ferð sem um er fjallað í pessari skýrslu stóð yfir, var gufa úr KJ-7 notuð til pess að halda gufu og hitaveitum heitum. Þá stóðu einnig yfir lagfæringar á skiljustöð pannig að ekki var unnt að nota aðrar holur til þess arna. Af þessum sökum var ekki unnt að aflmæla holuna. Engu að síður var tekið sýni úr henni. Niðurstöður efnagreininga eru í töflu 2. Notað var varmainnihald 1336 kJ/kg en sú mæling er frá 28. mars nú í ár.

4 KJ-9

Niðurstöður aflmælinga og sýnatöku úr KJ-9 eru í töflum 1 og 2. Athuganir sem gerðar voru fyrir og eftir hreinsun á holunni á síðasta ári sýndu, að litlar breytingar varð á afli, varmainnihaldi og gasstyrk í gufu við þær aðgerðir (Jón Benjaminsson o.fl. 1982, Halldór Ármannsson o.fl. 1982 a). Ákvörðun á varmainnihaldi nú, sýnir að það hefur hækkað frá því í desember úr 963 kJ/kg í 1060 kJ/kg nú. A sama tíma hefur gas aukist úr 0,30% í 0,61%.

5 KG-12

Í töflu 4 eru sýndar niðurstöður aflmælinga frá 1980.11.24 fram til 1983.05.21. Virðist u.p.b. 1 kg/s hafa bæst við rennsli holunnar síðan í fyrra og hefur það ekki verið meira síðan í nóvember 1980.

Efnasamsetning er svipuð og áður. Þó hefur orðið nokkur minnkun á gasstyrk (1,9% í febrúar og 1,8% í maí 1982).

6 KJ-13

KJ-13 var hleypt upp til pess að ná aflmælingu og sýni. Holan byggði sjálf upp um 4 bar toppprýsting og þurfti að opna bæði út í hljóðdeyfi og beint upp til pess að ná henni í blástur. Alllangan tíma tók að loka fyrir topplokann. Reyndist að lokum nauðsynlegt að taka 60 mm

blendu úr hljóðdeyfislögn því ella lognaðist holan út af. Nú blæs holan um 82 mm mælistút og er þá toppþrýstingur um 7 bar. Niðurstöður mælinga eru í töflum 1 og 2.

7 KJ-14

Í töflu 5 eru birtar niðurstöður nokkurra aflmælinga frá holu KJ-14 allt frá 1980-11-28, er rennsli hennar var fyrst beint inn á gufuveitu fram til síðustu mælingar til að varpa ljósi á afslögu holunnar. Töluverð aflminnkun varð fyrsta árið eða fram til ágúst 1981, en þá var sett minni blenda en áður í hljóðdeyfislögn og mælt við hærri toppþrýsting. Ekki varð marktæk rennslisbreyting við það. Enn verður nokkur rennslisminnkun fram í maí 1982, en afl hélst stöðugt frá maí til ágúst 1982. Skipt hefur verið um blendu aftur til að minnka toppþrýsting og sýnir síðasta mæling nokkra aflaukningu við það. Sé sú niðurstaða borin saman við þá síðustu, er fékkst við sambærilegar aðstæður, 1981-08-21, hefur orðið 0,4 kg/s minnkun gufurennslis við 7 bar a á pessum tíma, eða um 3,6 %. Jafngildir það u.p.b. 2 % afþrýrnun á ári. Gasstyrkur jókst í fyrstu, en hefur haldist nokkuð stöðugur, síðan 1981, utan stökks í 3,6 % í júní 1982 (Halldór Ármannsson & Gestur Gíslason 1982).

8 KJ-15

Niðurstöður aflmælinga og efnagreininga eru í töflum 1 og 2. Við 7,6 bar toppþrýsting streymir úr holunni eingöngu þurr gufa, og hefur svo verið undanfarið (Jón Benjaminsson o.fl. 1982). Niðurstöður aflmælinga nú eru nánast þær sömu og fengust í ágúst 1982. Heildarstyrkur gastegunda í gufu mælist 5,7% en var í fyrra 5,5%.

9 KJ-16

Í vetur hefur orðið vart sveiflna í þrýstingi og rennsli holu KJ-16 (Rögnvaldur Egill Sigurðsson, persónulegar upplýsingar).

Ekki er ljóst enn hver tföni sveiflna er né hver eru há- og lággildi. Þó er ljóst, að rennslið verður alveg þurrt, og reyndist verða það á a.m.k. 3,5 tíma fresti 1982.05.23. Ekki var legið yfir holunni og má vera, að tföni pornunar sé meiri. Sýni voru tekin, meðan á pornun stöð. Setja þyrfti upp sírita til að fá þrýstisveifluna fram, og gera síðan afilmælingar yfir slíkar sveiflur.

Efnasamsetning virðist hafa færst aftur í átt til þeirrar, er pekkt var haustið 1981, en gas hafði aukist og $\text{CO}_2/\text{H}_2\text{S}$ hlutfall hækkað stöðugt fram til ágúst 1982 (Halldór Ármannsson o.fl. 1982 b). Þessi aukning var talin stafa af tengslum við Hveragilsuppstreymi og auknum áhrifum rennis þaðan við vinnslu. Virðist aftur hafa dregið úr þeim áhrifum.

10 KJ-17

Fylgst var með toppþrýstingi KJ-17 tvísvar sinnum dagana 22. og 23. maí, í 4 stundir hvorn dag (myndir 1 og 2). Þetta tímabil er of stutt til þess að nái yfir heilt hegðunartímabil, en ljóst er af samanburði við mælingar frá í ágúst á síðasta ári að toppþrýstingur hegðar sér nálega alveg eins í bæði þessi skipti (Jón Benjamínsson o.fl. 1982). Einnig voru gerðar afilmælingar síðari daginn, og eru niðurstöður sýndar í töflu 1 og á mynd 2. Samanburður við fyrri mælingar sýnir að yfir stöðuga kaflann er varmainnihald heldur lægra en áður og vatnsmagn því meira. (1662 kJ/kg og 3,3 l/s að meðaltali í ágúst en samsvarandi nú 1439 kJ/kg og 4,9 l/s). Sýni úr KJ-17 var tekið á því tímabili þegar toppþrýstingur helst stöðugur (mynd 2) og eru niðurstöður sem fyrir liggja sýndar í töflu 2. Leggja verður áherslu á, að þessi efnasamsetning er aðeins einkennandi fyrir það ástand þegar toppþrýstingur helst stöðugur, en verulegar breytingar verða á efnainnihaldi þegar toppþrýstingur breytist (Halldór Ármannsson o.fl. 1982 b, Jón Benjamínsson o.fl. 1982).

11 KJ-19

Niðurstöður afilmælinga og sýnatöku úr KJ-19 eru sýndar í töflum 1 og 2. Varmainnihald hefur aukist lítillega frá því síðastliðið haust en það var 2529 kJ/kg 1982-11-25 þegar holan var komin í jafnvægi eftir upphleypingu, en nú mældist varmainnihald 2578 kJ/kg. Minnkun heildarrennslis úr 8,8 kg/s í haust niður í 8,4 kg/s nú er vart marktæk. Gufumagn við 7 bar a skiljuprýsting reiknast mjög svipað og áður, eða 7,6 kg/s nú samanborið við 7,9 kg/s þá. Heildarstyrkur gastegunda er einnig óbreyttur, 1,8%.

12 KJ-20

KJ-20 hefur nú blásið í tæplega 8 mánuði. Varmainnihald er nú 1895 kJ/kg (tafla 2) og hefur það farið vaxandi síðan holunni var hleypt upp (Benedikt Steingrímsson o.fl. 1983 a). Heildarrennsli hefur minnkað og er nú 10,5 kg/s og gufa við 7 bar a topaprýsting mældist nú 6,1 kg/s sem er svipað og áður. Gas í gufu er 2,5% sem er ápekkt og mældist í lok nóvember síðastliðins.

13 KJ-21

KJ-21 hefur blásið í liðlega 7 mánuði. Í skýrslu Benedikts Steingrímssonar o.fl. (1983 b) er gerð grein fyrir afli og efnainnihaldi fyrstu 4 mánuðina. Afilmæling nú (tafla 1) sýnir að varmainnihald eykst enn með svipuðum hraða og áður og heildarrennsli minnkar að sama skapi. Gufumagn við 7 bar a topaprýsting er 12,8 kg/s. Gasstyrkur í gufu er 0,61% (Tafla 2) sem er nokkru hærra en í nóvember síðastliðnum (0,57%).

HEIMILDIR

Benedikt Steingrímsson & Gestur Gíslason 1978: **Krafla.**
Aflmælingar í borholum. Orkustofnun OSJHD7804, 21s +
töflur og myndir.

Benedikt Steingrímsson, Halldór Ármannsson & Jón
Benjamínsson 1983 a: **Krafla.** Hola KJ-20. Upphitun,
upphleyping og blástur. Orkustofnun OS83006/JHD01B, 31s.

Benedikt Steingrímsson, Halldór Ármannsson & Jón
Benjamínsson 1983 b: **Krafla KJ-21.** Upphitun, upphleyping
og blástur. Orkustofnun OS83013/JHD03B, 35s.


Halldór Ármannsson, Guðjón Guðmundsson & Guðni Guðmundsson
1982 b: **Helstu niðurstöður Kröfluferðar 1982.11.23-**
12.02. Orkustofnun OS82110/JHD28B, 16s.

Halldór Ármannsson, Jón Benjamínsson, Oliver Jordan &
Zaccheus W. Muna 1982 b: **Kennsluleiðangur í Kröflu**
1982.07.26-08.04. Orkustofnun OS82083/JHD22B, 17s.


Jón Benjamínsson, Kristján Hrafn Sigurðsson & Hjörtur
Tryggvason 1982: **Sýnitaka og aflmælingar í Kröflu 17/8 -**
28/8 1982. Orkustofnun OS82089/JHD25B, 35s.

JHD JEF 6607 GG
83.05.0713 SLÁ

Mynd 1. KJ-17. Toppþrýstingur 22.maí 1983



Mynd 2. KJ-17. Toppþrýstingur, varmainnihald og vatnsrennsli 23.maí 1983



Tafla 1. Krafla. Niðurstöður aflmælinga 1983.05.20-29

Hola nr	Dags	kl	P _o bar	Q _w kg/s	H _o kJ/kg	Q _T kg/s	Q _g 1 bar a kg/s	Q _g 7 bar a kg/s
KJ-6 ¹⁾	83.05.20	13:30	1,2	3,7	1563	7,4	3,7	3,1
KJ-9	83.05.24	15:00	10,3	16,4	1060	22,9	6,4	4,0
KG-12	83.05.21	10:30	12,2	0	≥2789	3,4	3,4	3,4
KJ-13	83.05.29	11:30	7,1	4,09	1508	7,9	3,7	3,1
KJ-14	83.05.26	11:30	11,2	0,17	2646	12,6	12,2	11,9
KJ-15	83.05.27	18:30	7,6	2,16	≥2676	3,4	3,3	3,3
KJ-16	83.05.23	11:00	2,3	0	2676	3,2	3,1	3,0
		11:10	1,8	0	2676	3,0	3,0	2,9
		13:40	4,7	5,2	1443	9,5	4,2	3,4
		14:55	1,7	0,02	2674	3,0	2,9	2,9
KJ-17	83.05.23	11:24	16,8	1,0	2349	6,9	5,8	5,5
		11:26	16,4	0,91	2371	6,7	5,7	5,4
		11:28	16,2	0,95	2356	6,7	5,6	5,4
		11:30	15,9	0,91	2364	6,6	5,6	5,3
		11:32	15,8	0,95	2349	6,6	5,5	5,2
		11:34	15,4	0,91	2359	6,5	5,5	5,2
		11:36	15,2	0,79	2394	6,3	5,4	5,2
		11:38	14,8	0,71	2415	6,1	5,3	5,1
		11:40	14,5	0,64	2428	5,8	5,1	4,9
		11:42	14,4	0,61	2436	5,7	5,0	4,8
		11:44	14,3	0,82	2356	5,3	4,9	4,7
		11:46	14,3	2,4	1919	7,3	4,7	4,3
		11:48	14,2	3,3	1750	8,0	4,6	4,1
		11:50	14,2	3,8	1651	8,4	4,5	3,9
		11:52	14,2	3,9	1632	8,5	4,5	3,9
		11:54	14,2	4,4	1573	8,9	4,5	3,8
		12:16	14,2	5,1	1461	9,6	4,3	3,5
		12:26	14,2	5,4	1436	9,8	4,3	3,5
		12:56	14,2	5,9	1379	10,2	4,3	3,4
		13:14	13,9	6,0	1346	10,2	4,1	3,2
		13:20	12,8	5,9	1327	9,8	3,9	3,0
KJ-19	83.05.22	13:15	11,2	0,36	2578	8,4	7,9	7,6
KJ-20	83.05.22	19:55	13,2	2,6	1895	10,5	6,7	6,1
KJ-21	83.05.20 05.24	10:15	20,0	11,9	1684	26,9	14,8	12,9
		17:30	21,1	11,9	1682	26,9	14,8	12,8

1) Stútur $\phi = 133$ mm reyndist ekki ná að blása út um P_C mæliop, heldur mældist þar lofttæmisvottur.

Tafla 2. Krafla. Niðurstöður efnagreininga 1983.05.19-29

Hola nr	Sýni nr	Dags	P_O bar	H_O kJ/kg	Vatnsfasi			Guðufas			Kvarts- hiti °C	
					pH/°C	CO_2 mg/kg	H_2S mg/kg	SiO_2 mg/kg	Gas %	CO_2 mg/kg	H_2S mg/lg	
KJ-6	1003	83.05.19	1,2	1563	9,48/22,0	126	18,2	839	0,52	4874	306	15,9
KJ-7	1024	83.05.27	7,8	1336	9,00/22,0	147	40,1	718	1,29	12410	487	25,4
KJ-9	1019	83.05.24	10,3	1060	8,04/22,0	139	41,8	513	0,61	5749	348	16,5
KG-12	1010 ¹⁾	83.05.21	12,2	2789	4,20/18,4	1202	236	2,4	1,6	15178	946	16,0
KJ-13	1027	83.05.29	7,1	1508								
KJ-14	1023	83.05.26	12,6	2647	8,13/23	181	52,4	644	1,71	16272	794	20,5
KJ-15	1025 ¹⁾	83.05.27	7,6	-2676	4,18/21	1376	144	3,1	5,74	56029	1431	39,2
KJ-16	1013	83.05.23	1,7-4,8	1443 - 2676	9,04/24,5	265	34,1	686	1,8	16965	684	24,8
KJ-17	1014	83.05.23	14,2	1439 ²⁾	8,62/24,0	104	74,9	728	0,92	8172	985	8,3
KJ-19	1011	83.05.22	10,5-11,2	2578	8,18/24,2	196	67,0	648	1,8	17576	896	19,6
KJ-20	1012	83.05.22	13,2	1895	7,51/24,1	199	51,1	867	2,5	24353	1005	24,2
KJ-21	1004	83.05.20	20,0	1684	8,00/22,0	76,6	55,3	567	0,61	5821	267	21,8

1) Vatnsfasatölur eiga við þéttivatn, þar sem engan vatnsfasa var að fá

2) Meðaltal 5 mælinga meðan á sýmatóku stóð

Tafla 3. Krafla KJ-6. Niðurstöður afilmælinga 1980.03.31 - 1983.05.20

Dags.	P_o bar	Q_w kg/s	H_o kJ/kg	Q_T kg/s	Q_G 1 bar a kg/s
80.03.31	6,9	3,4	1418	5,8	2,4
04.03	7,1	3,4	1476	6,2	2,8
11.28 ¹⁾	2,6	3,1	1515	5,9	2,8
11.29	2,6	2,7	1563	5,5	2,8
81.09.15	2,7	4,1	1268	6,6	2,4
83.05.20	1,2	3,7	1563	7,4	3,7

- 1) Holan var hreinsuð 1980.06.23 - 27, og hefur gengið illa að ná upp þrýstingi eftir það.

Tafla 4. Krafla KG-12. Gufurennslu 1980.11.24 - 1983.05.21

Dags.	P_o bar	Q_G 7 bar a
1980.11.24	4,6	4,8
1981.11.24	1,7	2,3
1981.09.16	10,4	2,5
1982.02.10	6,8	2,3
1983.05.21	12,2	3,4

Tafla 5. Krafla KJ-14. Niðurstöður nokkurra afl- og gufumælinga

1980.11.28 - 1983.05.26.

Dags.	P _O bar	H _O KJ/kg	Q _T kg/s	Q _G 7 bar a kg/s	Gas í gufu %
1980.11.28	14,0	2634	16,4	15,3	1,2
1981.05.24	12,2	2668	14,1	13,5	1,8
.08.21	12,8	2663	12,9	12,3	1,9
.09.07	26,5	2642	13,2	12,4	
1982.05.25	24,2	2610	11,8	10,9	
.07.05	25,1	2602	11,9	11,0	1,7
.08.27	26,1	2630	11,8	11,0	2,0
1983.05.26	11,2	2646	12,6	11,9	1,7